

A kærði synjun Tollstjóra um leiðréttingu vegna tollafgreiðslu á tveimur bifreiðum og krafðist þess að álagt vörugjald bifreiðanna yrði leiðrétt og lækkað í samræmi við undanþáguflokk fyrir ökutækjaleigur. Kærandi tollafgreiddi bifreiðarnar þann 23. mars 2017 og nýskráði þær síðan 4. apríl sama ár. Aftur á móti fékk kærandi ekki leyfi frá Samgöngustofu til reksturs ökutækjaleigu fyrr en í lok apríl 2017 og sótti um lækkun vörugjalds þann 17. maí 2017.

Tollstjóri leit til þess að við tollafgreiðslu bifreiðanna var skilyrði vörugjaldsлага um að fá að leggja á vörugjald samkvæmt undanþáguflokki ekki uppfyllt enda var kærandi þá ekki með leyfi til reksturs ökutækjaleigu frá Samgöngustofu. Auk þess var Tollstjóra óheimilt að lækka vörugjald af bifreiðunum þann 17. maí 2017 vegna þess að þá voru liðnir rúmir tveir mánuðir frá nýskráningu þeirra en skilyrði fyrir lækkun vörugjalds af m.a. bílaleigubílum er að sótt sé um slíka lækkun fyrir nýskráningu eða í beinum tengslum við hana. Kærandi hafði ekki tilskilið leyfi frá Samgöngustofu til þess að njóta lækkunar á vörugjaldi á þeim tímapunkti sem ökutækin voru tollafgreidd en auk þess sótti hann um lækkun vörugjalds að of löngum tíma liðnum frá nýskráningu bifreiðanna.

Tollstjóri taldi því að þær forsendur sem lágu til grundvallar tollafgreiðslu bifreiða kæranda hafi verið réttar og fullnægjandi og skilyrði fyrir leiðréttingu á aðflutningsskýrslum þeirra voru því ekki uppfyllt. Var synjun Tollstjóra um leiðréttingu vegna tollafgreiðslu á tveimur bifreiðum því staðfest.